

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Skarðshlíð, 2. áfangi. Drangsskarð 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 15. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga. Breytingin nær til lóðarinnar við Drangsskarð 11.

Í breytingunni felst að fjölgað er um eina íbúð á lóð, úr sex í sjö. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Skarðshlíð, 3. áfangi. Völuskarð 1.*

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 23. júní 2021 samþykkti skipulagsfulltrúi breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga. Breytingin nær til lóðarinnar við Völuskarð 1.

Í breytingunni felst að byggt verði einnar hæðar hús í stað eins til þriggja hæða. Bundin byggingarlína fellur út. Gert verður ráð fyrir fjórum bílastæðum í stað tveggja innan lóðarinnar. Hæðarkóti aðalhæðar húss verður 42,40 í stað 42,90. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Skarðshlíð 3. áfangi. Móbergsskarð 2 og 11.*

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 23. júní 2021 samþykkti skipulagsfulltrúi breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga. Breytingin nær til lóðanna við Móbergsskarð 2 og 11.

Í breytingunni felst að:

Móbergsskarð 2, í stað þriggja íbúða húss verði komið fyrir parhúsi á lóðinni. Byggingarreitur færir til og fjölgar um eitt stæði innan lóðar. Almenn stæði við götu hliðrast til.

Móbergsskarð 11, í stað þriggja íbúða húss verði komið fyrir einnar hæðar parhúsi á lóðinni. Byggingarreitur breytist og gert er ráð fyrir fjórum stæðum í stað sex innan lóðar. Þakkótar breytast og fara umfram sem nemur 20 sm á fyrirhugaðri bílskúrsbyggingu. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 24. júní 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.